

VILJAYFIRLÝSING

Garðabær, kt. 570169-6109 og Ísb fasteignir ehf, kt 601213-5160, eru sammála um að gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu.

1. Garðabær og Ísb fasteignir ehf eru stærstu eigendur lands á miðsvæði Álftaness.
2. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag sem samþykkt var af Sveitarfélaginu Álftanesi í júní 2008.
3. Á svæðinu er gert ráð fyrir að byggja um 300 íbúðir í fjölbýlishúsum eða sérbýli í raðhúsum eða klösum. Þá gerir skipulagið ráð fyrir opinberum byggingum fyrir stjórnýslu sveitarfélagsins ásamt verslun og blandaðri þjónustu.
4. Garðabær og Ísb fasteignir ehf eru sammála um að forsendur fyrir skipulaginu hafi breyst m.a. vegna sameiningar sveitafélaganna Álftaness og Garðabæjar.
5. Garðabær og Ísb fasteignir er sammála um að standa saman að opinni framkvæmdasamkeppni í samstarf við Arkitektafélag Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.
6. Garðabær og Ísb fasteignir munu skipta kostnaði við samkeppnina og gerð nýs deiliskipulags þannig að hvor aðili greiði jafnan hlut.
7. Dómnefnd vegna samkeppninnar hefur þegar tekið til starfa er einn af þremur fulltrúum Garðabæjar skipaður samkvæmt tilnefningu Ísb fasteigna ehf.
8. Dómnefndin skal semja keppnislýsingu og gera nánari afmörkun á skipulagsvæðinu m.a. með því að skipulagsvæðið nái einnig til lands við Kirkjubrú.
9. Aðilar eru sammála um að haft skuli að leiðarljósi að skipuleggja byggð fyrir fjölskyldufólk í metnaðarfullu umhverfi sem beri einkenni byggðar á Álftanesi „sveit í borg“. Sameiginlegt markmið er hagnýting lands þar sem lögð er áhersla á að verðmæti byggðar verði ekki minna en samkvæmt eldra skipulagi.
10. Í framhaldi af undirritun viljayfirlýsingar þessarar munu aðilar gera með sér samstarfsamnings um uppbyggingu byggðar á svæðinu þar sem nánar verður fjallað um tilhögun framkvæmda, ásamt útfærslu álagningu gjalda og ofl.

Garðabæ; xx.xx.xxxx